

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²					
Efla samstarf við foreldra og virkja þá í formlegri stefnumótun og sameiginlegri ábyrgð á jákvæðum skólabrag samkvæmt reglugerð. Efla virkni skólaráðs og þátttöku þess í stefnumótun skólans.	Haldið verður skólaþing Sandgerðisskóla þar sem foreldrar, nemendur og starfsfólk ræða saman um hvernig er hægt að gera góðan skóla betri. Fundir í skólaráði verða haldnir reglulega. Hvetja til funda og fræðslu á vegum foreldrafélags Leitast verður eftir fræðslu frá Heimili og skóla um hlutverk foreldra grunnskólabarna.	Október 2021/hafið.	Skólaþingi lokið í apríl Skólaráð er starfandi áfram.	Skólastjórnendur, skólaráð og stjórn foreldrafélagsins.	Niðurstöður þingsins kynntar fyrir nemendum, foreldrum, starfsmönnum og fræðsluráði. Fundargerðir skólaráðs eru nú þegar birtar á vefsíðu skólans.
Gera betur grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans í áætlunum um nám og kennslu	Skólastefna endurskoðuð.	Janúar 2022.	Mars 2023.	Skólastjórnendur og starfsfólk skólans.	Þriggja ára fresti. Skólastefnan verður kynnt sérstaklega á heimasíðu skólans og unnið með hana á meðal starfsmanna.
Uppfæra símenntunaráætlun þar sem símenntun skólaársins	Er hluti af starfsáætlun og er unnin á hverju hausti.	September 2021.	Árlegt verkefni og	Stjórnendur.	Unnið á hverju hausti, kynnt fyrir

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línunum eftir þörfum.

er tilgreind, hverjir sækja hana og fjalla um einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.			birt í starfsáætlun.		starfsfólki og til umsagnar hjá fræðsluráði. Birt á vefsíðu skólans. Lokið fyrir skólaárið 2021 – 2022.
Birta starfsreglur foreldrafélags á heimasíðu skólans. Sjá til þess að fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega valdir í ráðið af sínu baklandi og sitji í ráðinu í tvö ár í senn. Birta starfsáætlun, vinnureglur og fundargerðir skólaráðs á heimasíðu.	Reglur foreldrafélags settar á heimasíðu. Foreldrar verða áfram kosnir í skólaráð á aðalfundi foreldrafélagsins, Starfsáætlun, vinnureglur og fundargerðir verða birtar á heimasíðu.	Október 2021.	Árlegt.	Stjórnendur, stjórn foreldrafélagsins og skrifstofustjóri.	Foreldrafélagið endurskoðar reglurnar á hverju skólaári og velur fulltrúa í skólaráð annað hver ár. Lokið fyrir skólaárið 2021 – 2022. Fundargerðir og starfsáætlun verða birtar á vefsíðu skólans. Lokið fyrir skólaár 2021 – 2022.
Skrá aðkomu nemenda að ráðum og nefndum og kynna fyrir nemendum.	Nemendaráð kynni sig í öllum bekkjum skólans, fulltrúar í skólaráði kynni starf ráðsins og bendi á fundargerðir.	Október 2021.	Nóvember 2021.	Skólastjóri og umsjónaraðili nemendaráðs.	Munnleg kynning nemenda í öllum bekkjum.
Birta upplýsingar um samstarf við framhaldsskóla á heimasíðu.	Setja á heimasíðu samstarf við FS og FÁ ásamt því að setja Flugíð þar inn. Endurskoða kafla um samstarf við aðra skóla í skólanámskrá.	Október 2021.	Nóvember 2021.	Skólastjóri, námsráðgjafi og skrifstofustjóri.	Upplýsingar birtar í skólanámskrá og á vefsíðu skólans.

Kynna betur fyrir starfsfólki hvar upplýsingar um framgang þróunarvinnu er að finna.	Þróunarvinna hvers skólaárs er kynnt fyrir starfsfólki í byrjun skólaárs. Gert verður plagg um þá þróunarvinnu sem skólinn tekur þátt í.	Apríl 2022.	Nóvember 2022.	Stjórnendur.	Unnið á árgangafundum og kynnt starfsmannafundi.
Skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur.	Unnið verður áfram með verkfæri úr Verkferakistu Vöndu þar sem staða nemenda er metin reglulega með MVHT aðferðinni og út frá henni er stuðst við aðgerðaráætlun Verkferakistunnar og árangur metinn. Skólinn styðst við nemendaviðtöl og tengslakannanir Skjaldar. Skólinn er einnig Uppbyggingarskóli og unnið er eftir kennsluáætlun í þeim efnum sem snýst um sjálfsaga, þarfir, samskipti og ábyrgð. Annað um skipulag kennslu í samskiptum og líðan er að finna í samskiptaáætlun skólans Skyldi og kennsluáætlun.	Síendurtekið hvert skólaár.	Endurskoðun lokið í maí 2023.	Stjórnendur og kennarar.	Á hverju vori eru verkferlar metnir og þeim breytt ef þurfa þykir. Skólanámskrá endurskoðuð.
Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.	Stjórnendur hafa sett upp skipulag um innlit í kennlustundir hjá öllum kennurum þar sem farið verður eftir matslista stjórnenda. Eftir innlit funda stjórnendur með kennara.	Október og nóvember 2021.	Gert á hverju skólaári.	Skólastjórnendur.	Gert á hverju skólaári. Kynnt fyrir kennurum í október 2021.
Fram komi í gögnum skólans hverjir sitja í teymum og bera	Allar nefndir og teymi eru birt í starfsmannahandbók og á innri vef	Október 2021.	Hafið.	Skólastjórnendur.	Á hverju hausti.

ábyrgð á hinum ýmsu verkefnum.	skólans. Auk þess verða teymum gerð skil á heimasíðu skólans.				
Allir sem aðkomu hafa að skólastarfinu undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu.	Farið verður yfir hvort allri hlutaðeigandi hafi undirritað skjal varðandi þagnarskyldu.	Október 2021.	Stöðugt í gangi.	Stjórnendur.	Gæta þarf þess að allir þeir sem koma að skólastarfinu undirriti plagg varðandi trúnað.
Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið II – Nám og kennsla</u>					
Birta í skólanámskrá og kennsluáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilþætti aðalnámskrár.	Lykilþættir aðalnámskrá og grunnþættir menntunar fléttaðir inn í kennsluáætlanir á Mentor og Skólanámskrá.	Janúar 2022	Vorið 2024 og síðan árlega.	Stjórnendur.	Endurskoðað og uppfært ár hvert.
Í kennsluáætlunum komi fram hvernig námsaðlögun er háttað.	Í kennsluáætlun komi fram með hvaða hætti námsaðlögun er háttað.	September 2021	Endurskoðað ár hvert.	Skólastjórnendur.	Endurskoðað og uppfært á hverju hausti.
Birta markmið/hæfniviðmið í kennsluáætlunum nemenda (lotum).	Markmið, hæfni og viðmið verði áfram nemendum og foreldrum sýnileg í kennsluáætlunum og lotum m.a. á heimasíðu skólans og á Mentor.	September 2021.	September 2022.	Skólastjórnendur.	Endurskoðað og uppfært á hverju hausti líkt og verið hefur.
Leita þarf leiða til að efla árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.	Rýnt verði í niðurstöður á samræmdum könnunarprófum, þeim fylgt eftir með nemendum, kennurum og foreldrum. Þá	Haust 2021.	Vor 2024.	Kennarar og skólastjórnendur.	Hvetja nemendur, foreldra og kennara til að gera vel.

	verður leitað leiða til að efla árangur skólans.				
Vinna markvisst að því að efla lestrarfærni nemenda.	Unnið er markvisst með byrjendalæsi í 1. - 5. bekk. Skólinn tekur einnig þátt í Lesferils verkefni sem stýrt er af sérfræðingi MMS og á að stuðla að aukinni lestrarfærni og eftirfylgni þar sem rýnt er í niðurstöður staðlaðra lesprófa, þær greindar og unnið eftir íhlutunarlíkani. Einnig er unnið með verkefnið drengir og lestur á mið- og unglíngastigi til að efla áhuga drengja á lestri sérstaklega.	September 2021.	Í sífelldri vinnu.	Skólastjóri og verkefnastjórar læsis.	Að hverju vori verður rýnt í niðurstöður og gerð áætlun.
Leita áfram leiða til að bæta líðan nemenda.	Áfram verður áhersla lögð á vellíðan nemenda í skólanum með því að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu eins og nemendaráðgjöf, námsráðgjöf, einstaklingsviðtöl hjá umsjónarkennara, foreldrasamstarfi og fjölbreyttu námsumhverfi. Halda rýnifund með nemendum þar sem þeim er gefið tækifæri til að koma með tillögur til úrbóta. Kennarar halda áfram að halda vikulega bekkjarfundi og vinna eftir kennsluáætlun UTÁ, Skjaldar og Verkferakistu KVAN.	September 2021.	Er í sífelldri vinnu.	Kennarar, ráðgjafar og stjórnendur.	Niðurstöður úr rýnifundum með nemendum og ráðgjöf sérfræðinga innan og utan skólans notaðar til úrbóta eins og þurfa þykir.

Vinna markvisst að því að uppræta einelti.	Áfram verður unnið markvisst eftir kennsluáætlun Skjaldar, Uppbyggingar og Verkfærakistu KVAN. Aukin áhersla verður á kynningu til starfsfólks, nemenda og foreldra með áherslu á verkferla og samvinnu ef upp kemur samskiptavandi eða einelti.	Hafið.	Aldrei.	Skólastjórnendur, Skjaldarteymið, forvarnarteymið, náms- og starfsráðgjafi, nemendaráðgjafar, allt starfsfólk, nemendur ásamt foreldrum og forráðamönnum.	Verkferlar eru endurskoðaðir á starfsdögum á hverju hausti.
Auka áherslu á markvissa samvinnu nemenda.	Áfram verður unnið með samvinnunám eins og gert er með vinnustund nemenda á unglíngastigi og í verkvali þar sem nemendur velja með hverjum þeir vinna og hjá hvaða kennara. Einnig verður leita leiða til að efla samvinnu í öðrum kennslustundum m.a. með aukinni hópavinnu og áframhaldandi áherslu á teymiskennslu.	September 2021.	Vor 2023.	Kennarar.	Frá hausti 2021 var sett upp vinnustund á unglíngastigi þar sem áhersla er á samvinnunám. Þetta starf verður endurmetið með viðtölum við nemendur og kennara. Endurskoðað og betrubætt á hverju hausti.
Birta upplýsingar um áherslu skólans á teymiskennslu í skólanámskrá.	Áherslur og markmið teymiskennslu gerð skil í uppfærðri skólanámskrá og birt á heimasíðu skólans.	Janúar 2022.	Vor 2024.	Stjórnendur.	Markmið og áherslur teymiskennslu endurskoðaðar þegar Skólanámskrá er uppfærð.

Auka við valgreinar á unglíngastigi til samræmis við viðmiðunarstundaskrá.	Viðmiðunarstundaskrá verður áfram höfð að leiðarljósi við stundatöflugerð og tekið tillit til þessara þátta. Fjöldi kenndra valgreina miðast við nemendafjölda. Áfram verður unnið með samstarfsaðilum utan skóla s.s. Björgunarsveitina Sigurvon, Tónlistarskóla Sandgerðis, Íþróttafélög og framhaldsskóla.	Vor 2022.	Ágúst 2022.	Stjórnendur.	Endurskoðað í júní ár hvert og tekur mið af vali nemenda.
Gæta þess að fjöldi stunda í list- og verkgreinum sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá í öllum árgöngum.	Áfram verður gætt að því að fjöldi kennslustunda í list- og verkgreinum sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá í öllum árgöngum.	Hafið.	Endurskoðað ár hvert.	Stjórnendur.	Kennslustundir koma fram á stundatöflum nemenda og því auðvelt að hafa yfirsýn. List- og verkgreinar eru frá hausti 2021 kenndar bæði í smiðjum og verkvali.
Í kennsluáætlunum komi skýrt fram að hvaða markmiðum/hæfniviðmiðum er unnið í vali og verkvali og fjalla þar um allar námsgreinar.	Verkgreinakennarar gera áætlanir sínar sýnilegar.	September 2021.	Árlegt.	Verkgreinakennarar og stjórnendur.	Lokið fyrir þetta skólaár. Endurskoðað og uppfært hvert haust.
Kynna nemendum hæfniviðmið sem unnið er að hverju sinni.	Nemendur fá kynningu á þeim hæfniviðmiðum sem unnið er að hverju sinni. Foreldrar fá áætlanir sendar heim.	Ágúst 2022.	Árlegt.	Kennarar og stjórnendur.	Endurskoðað og uppfært ár hvert.

Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.	Áfram verður lögð áhersla á einstaklingsmiðun í námi og lotunámi þar sem nemendur setja sér markmið og vinna á sínum hraða í samráði við kennara. Einnig verður áhersla á eigin ábyrgð í námi og námstækni.	Haust 2021.	Árlega.	Kennarar og námsráðgjafi.	Farið í alla bekki með námstækni og markmiðssetningu.
Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað um skólastarfið.	Sjónarmiðum nemenda er aflað með könnun Skólapúlsins, nemendaviðtölum, nemendaráðsfundum, skólaráði, ungmennaráði og á bekkjarfundum.	Hafið.	Aldrei lokið.	Skólastjórnendur.	Ætlunin er að nýta niðurstöður bekkjafunda sem umræðugrundvöll í nemendaráði. Niðurstöður þeirra funda verður kynnt stjórnendum til frekari vinnslu. Skólastjórnendur funda með nemendaráði a.m.k. tvisvar á ári og fara yfir fyrrgreindar niðurstöður.
Þjálfarar nemendur sem sitja í ráðum og nefndum í lýðræðislegum vinnubrögðum.	Nemendur í nefndum og ráðum sitja námskeið í lýðræðislegum vinnubrögðum og í stjórnslu í uppafi hvers skólaárs.	September 2022.	Árlegt.	Stjórnendur.	Metið hvert ár með fundum og viðtölum við þá nemendum sem sitja í nefndum og ráðum.

Setja fram heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur.	Heildaráætlun stuðningsúrræða verði endurskoðuð og sett fram.	Júní 2022.	Júní 2023.	Deildarstjóri stoðþjónustu og aðrir stjórnendur.	Metin annað hvert vor.
---	---	------------	------------	--	------------------------

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
Vinna áætlun um innra mat fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur hvaða þætti er verið að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans og hvernig metið er. Tilgreina einnig viðmið um árangur, tímasetningar og hver ber ábyrgð á matinu á hverjum þætti.	Matsáætlunin er unnin og matstækin útskýrð í umbótaáætlun. Lögð eru fram verkefni sem unnin eru yfir veturinn og ábyrgðaraðili fylgir þeim eftir. Verkefnin eru mæld og yfirfarin í umbótaáætlun ár hvert. Skólapúlsinn þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk metur skólastarfið árlega.	Júní 2022.	Nóvember 2022.	Skólastjóri.	Umbótaráætlun gildir fyrir fimm ár í senn þar sem allir þættir innra mats eru teknir fyrir. Unnið verður eftir áætluninni ár hvert.
Gæta að samræmi á milli matsáætlunar til lengri tíma, áætlunar fyrir hvert skólaár og gagnaöflunar.	Áætlun fyrra árs endurskoðuð. Hvaða þættir eru metnir og hvernig gagna er aflað, hvað er metið árlega og hvað er á þriggja til fimm ára áætlun.				Sjá hér að ofan.
Meta markmið skólans markvisst og reglubundið. Stofna matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem hefur umsjón með framkvæmd innra mats.	Þetta mat verður hluti af innra mati. Skólastjórnendur sjá um framkvæmd innra mats og kynningu á niðurstöðum.				Fylgir innra mats áætlun, sjá hér að ofan.
Nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana markvisst í innra mati.	Settur verði fram verkferill þar sem fram kemur að rýnt er í niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana	Júní 2022.	Ágúst 2022.	Deildarstjóri stoðþjónustu og verkefnisstjórar í læsi.	Metið í tengslum við innra mats áætlun.

	og skimana. Með það að markmiði að styðja við þá nemendur raðast undir ákveðnu viðmiði, að það fari af stað tiltekið ferli þar sem unnið er markvisst að því að bæta árangur þeirra.				
Kynna niðurstöður og ræða umbætur með foreldrum og nemendum.	Niðurstöður verði fyrst og fremst nýttar innan hús til eflingar skólastarfs. Ákvörðun um umbætur verða kynntar nemendum og foreldrum.	Júní 2022.	Stöðugt í gangi.	Skólastjórnendur.	Fylgir áætlun um innra mat. Helstu umbætur kynntar fyrir skólaráði og birtar í starfsáætlun.
Bera áætlun um umbætur undir skólaráð með formlegum hætti.					Sjá hér að ofan.
Tímasetja umbótaáætlun og tilgreina hvenær og hvernig á að meta árangur umbótaáætlunar.	Umbótaáætlun er unnið í tenglum við niðurstöður innra mats hverju sinni.	Árlegt.		Skólastjórnendur.	Unnið í tengslum við áætlun um innra mat. Skólapúlsinn metur aðgerðir og árangur.
Hafa eldri matsskýrslur aðgengilegar á heimasíðu skólans.	Skýrsla um ytra mat er aðgengileg á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun fyrir ytra- og innra mat eru hluti af starfsáætlun skólans og birtast á heimasíðu. Auk þess er áætlunin kynnt fyrir starfsfólki, skóla- og fræðsluráði.	Lokið Vor 2022.	Árlegt.	Skólastjórnendur.	Skólapúlsinn.

--	--	--	--	--	--